

Nr. 001 / 12 Birgir GK 263***Fær veiðafæri í skrúfunu og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2005
Smíðaður: Röðskær Noregi 1989 plast
Stærð: 12 brl. 13,7 bt.
Mesta lengd: 11,48 m *Skráð lengd:* 10,47 m
Breidd: 4,04 m *Dýpt:* 1,5 m
Vél: Isuzu 118 kW 1989
Fjöldi skipverja: 2



Birgir ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagni í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. janúar 2012 var Birgir GK 263 á línuveiðum um 10 sml vestur af Sandgerði. Veður: Logn.

Komið var að drætti á síðasta millibóli þegar eitthvað kom í skrúfunu og var það svo mikið að skipstjóri óskaði eftir aðstoð kafara. Hann kom út með björgunarskipinu Hannesi Þ. Hafstein en vegna mikillar hreyfingar var Birgir GK dreginn til Sandgerðis og skorið úr skrúfunni þar. Í henni reyndist vera færi frá millibólinu sem hafði komið í flækju upp með línunni.

Engar skemmdir urðu vegna þessa.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri taldi að flækja hefði verið á færi millibólsins og skrúfan hefði náði í bugt úr henni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.